

Djúpavogshreppur
b.t. Gauti Jóhannesson
Bakka 4
765 Djúpavogi

Efni: Beiðni um að gripið verði til mótvægisáðgerða fyrir ferðaþjónustu vegna afleiðinga COVID-19 heimsfaraldurs.

Eins og allir þekkja hefur COVID-19 heimsfaraldurinn haft gífurlegar afleiðingar fyrir heimsbyggðina alla. Ríkisstjórnir og heilbrigðisyfirvöld hafa í mörgum tilvikum gripið til afgerandi áðgerða sem hafa m.a. þær afleiðingar að neysla hefur dregist hratt saman og fyrirsjáanlegt er að samdrátturinn muni aukast á næstu missirum. Auðvitað er neyslusamdrátturinn ekki sá hinn sami í öllum atvinnugreinum. Ætla verður að þær greinar sem hafa grundvallað starfsemi sína á sölu vara og þjónustu til innlendra neytenda eða útflutning vöru á erlenda markaði hafi fótfestu. Staðan er vitaskuld allt önnur í atvinnugreinum sem treyst hafa á vöru- og þjónustu til erlendra neytenda hér á landi. Í tilviki þeirra er neytendamarkaðurinn í raun horfinn og þar með nær allir tekjumöguleikar. Sú staða hefur raungerst í íslenskri ferðaþjónustu.

Sveitarfélög afla m.a. tekna með álögum á borgarana, þ.e. einstaklinga og lögaðila, einkum með töku skatta og þjónustugjalda. Þau njóta tekna af eignum auk þess sem tekjur þeirra myndast í eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o.fl. Þá hafa þau enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðarleigu, leyfisgjöldum o.fl. Auðvitað þarf að stilla tekjuöflunina þannig af að hún standi undir rekstri sveitarfélaganna en það er jafnframt sígilt viðfangsefni að tekjuöflunin verði borgurunum ekki svo íþyngjandi að hún komi niður á getu og vilja þeirra til þess að afla eigin tekna.


Staðan í ferðaþjónustunni er sú um þessar mundir að tekjur hafa horfið algerlega. Það er auðsætt að undir slíkum kringumstæðum geta fyrirtæki í ferðaþjónustu ekki staðið undir sköttum og gjöldum. Staða fyrirtækjanna hefur verið þannig undanfarið að þau hafa ekki nema í undantekningartilvikum safnað sjóðum sem geta nýst við að takast á við slíkt tekjufall. Alþingi hefur brugðist við stöðu íslenskra fyrirtækja með nokkuð myndarlegum hætti. Það er hins vegar ljóst að þau viðbrögð munu einungis hafa virkni til skemmri tíma litið og miðað við núverandi stöðu koma niður á fyrirtækjunum seinna meir. Framtíðin er að óbreyttu bæði dökk og óljós.

Langvarandi tekjufall í ferðaþjónustu getur hæglega haft verulegar afleiðingar í för með sér fyrir fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Ætla má að ferðaþjónusta hafi skilað íslenska hagkerfinu nálega 400 milljarða kr. gjaldeyristekjum á síðasta ári eða um tvöföldum tekjum sjávarútvegsins. Það er gríðarlega mikilvægt að núverandi aðstæður hafi það ekki för með sér að mögulegar framtíðartekjur í ferðaþjónustu verði að engu vegna gjaldþrota og samfara tapi þekkingar, verðmæta og möguleika. Raungerist slíkar afleiðingar muni sveitarfélögin ekki síður en ferðaþjónustufyrirtæki, starfsmenn þeirra, fyrirtæki sem þjónusta ferðaþjónustufyrirtæki og selja þeim vörur, verslunar- og þjónustufyrirtæki á starfssvæðum þeirra og starfsmenn þeirra verða fyrir verulegum skaða. Í þessu samhengi þarf ekki hvað síst að hafa í huga að tilkoma blómlegrar ferðaþjónustu hefur gjörbreytt rekstraraðstæðum verslunar- og þjónustufyrirtækja á landsbyggðinni, öllum íbúum til heilla.

Með þessu erindi vill undirritaður hvetja Djúpvogshrepp til þess að gera allt sem í valdi þess stendur til þess að stuðla að því að forsendur öflugrar viðspyrnu ferðaþjónustunnar verði til staðar þegar um hægist. Er í því samhengi ekki síst horft til þess að sveitarfélög geta í mörgu tilliti komið til móts við ferðaþjónustufyrirtæki með því að endurskoða, fella niður eða fresta innheimtu skatta og gjalda.

Virðingarfyllt,

f.h. Hótel Framtíð ehf



Þórir Stefánsson